

## Dreifing og fjöldi flórgoða á Íslandi 2004-2005

Dreifing og fjöldi flórgoða á Íslandi var könnuð árin 2004-2005. Unnið var eftir sömu aðferðum og þegar stærð flórgoðastofnsins var metin árin 1990 og 1992. Heimsóttir voru þekktir varpstaðir flórgoða um allt land og fjöldi flórgoða áætlaður. Stærð stofnsins var talin vera um 700 pör og hafði rúmlega tvöfaldast frá því um 1990. Þá hafði stofninn dregist mikið saman frá því á fyrri hluta 20. aldar. Sterkasta vígi flórgoðans hér á landi er sem áður í Þingeyjarsýslum þar sem Mývatn, Sandvatn í Mývatnssveit og Víkingavatn eru helstu flórgoðavötnin. Utan Þingeyjarsýslna eru Skagafjörður og Hérað mikilvæg flórgoðasvæði. Annars staðar eru flórgoðar strjálir varpfuglar. Eftir að flórgoðum tók að fjölga á ný hafa þeir numið mörg fyrri varplönd vítt og breitt um landið.

### Inngangur

Flórgoði *Podiceps auritus* (1. mynd) er vatnafugl af goðaætt (Podicipedidae) og eini fulltrúi þeirrar ættar sem verpur hér á landi, en alls eru 20 tegundir goða í heiminum (Fjeldsá 2004). Flórgoða er að finna í N-Evrópu auk A-Síberíu í Asíu og N-Ameríku, aðallega á breiddargráðum 50 til 65° N. Hér á landi er flórgoði algengastur á þingeyskum vötnum, einkum Mývatni, Sandvatni í Mývatnssveit og Víkingavatni í Kelduhverfi

en fremur strjáll varpfugl í öðrum landshlutum (Fjeldsá 1973, Arnþór Garðarsson 1979, 1991, Ólafur K. Nielsen 1998, Ævar Petersen 1998).

Flórgoðar koma á varpstöðvar í apríl en um leið og ísa leysir af vötnum dreifast þörin á varpstaði og helga sér ódul sem þau verja yfir varptímamann (Porkell Lindberg Þórarinnsson 2001). Flórgoðar yfirgefa varpstöðvarnar aftur á tímabilinu september til október. Í okkar heimshluta



1. mynd. Flórgoði *Podiceps auritus*. – Sindri Skúlason.

hafa flórigoðar vetursetu á grunnsævi (Evans 2000, Fjeldsá 2004). Takmarkaðar upplýsingar eru til um hvar íslenskir flórigoðar hafa vetursetu en þekkt er að nokkrir fuglar halda sig við suðvesturströndina yfir vetrarmánuðina. Meginhluti stofnsins dvelur utanlands og er talið að íslenskir flórigoðar haldi sig við Bretlandseyjar, Færeyjar og SV-Grænland (Fjeldsá 1973, Ævar Petersen 1998). Flórigoði er á valista flokkaður sem tegund í yfirvofandi hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000).

Síðustu áratugi hefur íslenski flórigoðastofninn gengið í gegnum miklar breytingar. Í ritgerð Ólafs K. Nielsen (1998) um hrun íslenska flórigoðastofnsins er saga fækkunar rakin frá því um 1950 og fram til um 1990. Ritgerðin byggir m.a. á úttekt sem gerð var á íslenska flórigoðastofninum í Mývatnssveit árið 1990 og utan hennar árið 1992. Sýndi rannsóknin mikla fækkun í stofninum og talið var að stærð hans næmi aðeins um 300 pörum. Fljótlega upp úr þessu gáfu vatnafuglatalningar í Mývatnssveit vísbendingu um að stofninn væri að rétta úr kútnum. Árið 1998 var svo flórigoðavarp kannað í Mývatnssveit og kom í ljós að stofninn þar virtist hafa náð fyrri stærð (Árni Einarsson 2000).

Hér verður gerð grein fyrir landskönnun á stöðu flórigoðastofnsins árin 2004-2005. Hún var unnin í samstarfi nokkurra náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruvísindastöðvarinnar við Mývatn. Einnig fengust upplýsingar um flórigoðavarp frá ýmsum einstaklingum.

### Aðferðir

Á tímabilinu maí-júlí 2004 og 2005 var flórigoðavarp kannað á 232 stöðum á landinu. Flórigoðar voru taldir með því að skima yfir tjarnir og vötn með kík og fjarsjá frá stöðum þar sem sást vel yfir. Byggt var á gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands um varpstaði flórigoða á Íslandi en sá háttur var einnig hafður á við fyrri rannsókn 1990 og 1992. Flestir staðir í gagnagrunninum voru skoðaðir en einnig voru heimsóttir nokkrir nýir er þóttu líklegir varpstaðir. Þeir skráðu varpstaðir sem ekki voru kannaðir höfðu margir verið kannaðir önnur ár, án þess að sjá flórigoða. Voru litlar líkur taldar á flórigoðavarp á þessum stöðum, a.m.k. ekki í umtalsverðum mæli.

Í Mývatnssveit voru flórigoðar taldir í árlegri vatnafuglatalningu Náttúruvísindastöðvarinnar við Mývatn. Talningin er stöðluð milli ára og beinist að fjölda fugla að vori, hvort sem þeir eru verpanði eða ekki og gefur vísitölu um breytingar (Arnþór Garðarsson 1979). Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að allir flórigoðar sjáist í talningum í Mývatnssveit þar sem svæðið er stórt og erfitt að kanna til fullnustu. Raunverulega stofnstærð flórigoða í Mývatnssveit er því erfitt að meta nema með hreiðurtalningum sem eru tímafrekar. Árin 1990 og 1998 voru flórigoðahreiddur talin í Mývatnssveit (Ólafur K. Nielsen 1998, Árni Einarsson 2000) og sýndu þessar hreiðurtalningar að fjöldi flórigoða er vanmetinn í hefðbundnum vortalningum. Einnig virðast hlutfallslega fleiri fuglar sjást í vortalningum þegar stofninn er stór (Árni Einarsson 2000). Gæti þetta stafað af takmörkuðu

1. tafla. Fjöldi flórigoða á Íslandi árin 2004-2005 eftir landsvæðum. – *Counts of Horned Grebes in different parts of Iceland in 2004-2005.*

Svæði <i>Region</i>	Fjöldi fugla <i>No. of birds</i>	Hlutfall <i>(%)</i>
Pingeyjarsýslur (NE)	1079	78
Austurland (E)	97	7
Suðurland (S)	23	2
Vesturland og Vestfirðir (W)	35	3
Norðurland utan Pingeyjarsýslna (N)	144	10
Samtals – <i>Total:</i>	1378	100

framboði heppilegra varpstaða þegar stofninn er stór en þekkt er að sum pör helga sér ekki ódul fyrr en önnur hætta að verja sín eftir að ungar klekjast úr eggjum (Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2001). Fjöldi flórigoða í hefðbundnum fuglatalningum á Mývatni árin 2004-2005 var svipaður og árið 1998. Hlutfall fugla sem sást í talningum miðað við fjölda hreiðra (79,7%) árið 1998 (Árni Einarsson 2000) var notað til að meta fjölda varppara árin 2004-2005.

Után Mývatnssveitar var fjöldi flórigoða einungis áætlaður út frá beinum talningum, enda var þar gert ráð fyrir að allir fuglar sæjust. Á sumum varpstöðum var talið bæði árin 2004 og 2005. Við stofnmat þar var notast við meðaltal áranna tveggja og námunðað að heilli tölu.

### Niðurstöður

Alls voru flórigoðar á 91 varpstað á Íslandi árin 2004-2005 (Viðauki). Heildarfjöldi þeirra var 1378 (1. tafla). Það jafngildir 689 pörum, séu allir fuglar taldir paraðir varpfuglar. Flórigoðar verða kynþroska árgamlir (Kaufmann 1996) og má því gera ráð fyrir að flestir, ef ekki allir, taki þátt í varpi.

Stærsti hluti íslenska flórigoðastofnsins var í Pingeyjarsýslum, eða 78%. Þar hefur flórigoða einnig fjölgað mest frá því um 1990, eða 165% á um 15 árum (2. tafla). Önnur helstu vígi flórigoða eru Skagafjörður og Hérað.

### Pingeyjarsýslur

Alls voru flórigoðar á 23 stöðum í Pingeyjarsýslum. Talningar benda til að 1079 flórigoðar hafi verið á svæðinu. Þrjár staðir standa upp úr hvað fjölda flórigoða varðar, Mývatn (593), Sandvatn í Mývatnssveit (150) og Víkingavatn (229) í Kelduhverfi. Lunginn úr íslenska flórigoðastofninum var á þessum þremur vötnum, eða 972 fuglar (71% af landsstofninum). Fjölgunin á þessum stöðum er mikil frá fyrri stofnúttekt og nemur 165% í Mývatnssveit og 144% á Víkingavatni. Aðrir mikilvægir flórigoðastaðir í Pingeyjarsýslum eru þrjár tjarnir við Stórutjarnir í Ljósavatnsskarði, Vestmannsvatn og nærliggjandi vötn og tjarnir í Reykjadal, Miklavatn og Sílalækjarvatn í Aðaldal, Skjálftavatn og Ástjörn í Kelduhverfi og Kofatjörn við Kópasker. Á Melrakkaslétu, utan Kópaskers, fundust flórigoðar aðeins á einu vatni, Eggversvatni.

2. tafla. Samanburður á fjölda flórgoðapara á helstu flórgoðasvæðum, annars vegar árin 1990-1992 og hins vegar 2004-2005. – A comparison of Horned Grebe numbers (pairs) on the main breeding areas between years 1990-1992 and 2004-2005.

Svæði Region	Fjöldi para 1990-1992 No. of pairs in 1990-1992	Fjöldi para 2004-2005 No. of pairs in 2004-2005	Breyting (%) Change
Mývatnssveit	140	372	165
Víkingavatn	47	115	144
Hérað	23	44	89
Skagafjörður	35	46	31
Samtals – Total:	245	576	135

### Austurland

Í Múlasýslum voru samtals 96 flórgoðar á 31 stað. Þar af voru flórgoðar á 28 stöðum á Héraði, alls 87 fuglar, sem jafngildir um 6% landsstofnsins. Hvergi var um þétt varp að ræða eins og ráða má af fjölda fugla og varpstaða. Helstu flórgoðastaðir voru Ásgrímsstaðavatn og Torftjörn við Hrollaugsstaði í Hjaltastaðabínghá og Snjóholtsvötn í Eiðabínghá. Utan Héraðs fundust 10 flórgoðar á fjórum stöðum, flestir í Breiðdal og við Djúpavog. Aukning flórgoða á Héraði frá fyrri stofnúttekt nam 89%.

### Suðurland

Á suðurhelmingi landsins, frá Höfn í Hornafirði að Reykjanesi, voru alls 24 flórgoðar á níu stöðum. Aðeins þrjú flórgoðar voru á þremur stöðum í A-Skaftafellssýslu (Óslandstjörn við Höfn, Kríutjörn í Nesjum og Fíftjörn við Kálfafellsstað) og tveir á einum stað í Rangárvallasýslu (Stúfholtstjörn). Aðrir flórgoðar á þessu svæði voru á sex stöðum í Árnessýslu, flestir þrjú pör á Nyrðri (Eystri) Múlatjörn í Biskupstungum.

### Vesturland og Vestfirði

Á vestanverðu landinu, frá Reykjanesi í Hrutafjörð, voru 35 flórgoðar á átta stöðum. Sunnan Hvalfjarðar voru 16 flórgoðar á þremur stöðum, á Ástjörn við Hafnarfjörð (6), Leirtjörn á Mosfellsheiði (4) og Hurðarbakssefi í Kjós (6). Á Snæfellsnesi voru 14 flórgoðar á þremur stöðum, flestir á Hofgarðatjörn í Staðarsveit eða 10 talsins. Á Reykjanesi í A-Barðastrandarsýslu voru sex flórgoðar á tveimur stöðum (Langavatni og Mávavatni).

### Norðurland utan Þingeyjarsýslna

Alls voru 144 flórgoðar á Norðurlandi annars staðar en í Þingeyjarsýslum. Í Húnavatnssýslum voru 22 flórgoðar á fjórum stöðum, flestir á Gauksmýrartjörn í Línakradal, níu fuglar. Í Skagafirði voru 92 flórgoðar á 11 stöðum. Þetta jafngildir 31% fjölgun frá fyrri stofnúttekt árin 1990-1992. Helstu flórgoðastaðir í Skagafirði voru Garðsvatn og Svanavatn í Heganesi þar sem samtals voru 49 flórgoðar. Við Eyjafjörð voru 28 flórgoðar á fjórum stöðum. Helmingur þeirra var á Hrísatjörn í Svarfárdal, eða 14 talsins. Í Ólafsfirði voru fjórir flórgoðar á Þróddsstaðatjörn.

### Umraða

Flórgoðastofninn rúmlega tvöfaldaðist frá því um 1990 (sjá Ólaf K. Nielsen 1998) fram til um 2005. Þingeyjarsýslur voru sem áður höfuðvígi flórgoðans einkum Mývatnssveit. Hýsti Mývatnssvæðið um helming landsstofnsins, sem er svipað hlutfall og um 1990. Utan Mývatnssveitar var langstærst flórgoðabyggð við Víkingavatn í Kelduhverfi þar sem fjöldi flórgoða vel rúmlega tvöfaldaðist frá um 1990, líkt og á Mývatni. Utan Þingeyjarsýslna voru Skagafjörður og Hérað helstu vígi flórgoða hér á landi nú sem áður. Í Skagafirði hafði flórgoða aðeins fjölgað lítillega frá því um 1990 en á Héraði var aukning mun meiri að því er virðist, eða hátt í tvöföldun. Hugsanlega er ástæðan að einhverju leyti tengd vantalningu í fyrri stofnúttekt vegna þekkingarskorts á útbreiðslu flórgoða. Fjölmargir áður óþekktir varpstaðir fundust nú á pollum og tjörnum í nágrenni vatna sem getið er í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar.

Samfara fjölgun í flórgoðastofninum jókst útbreiðsla að nýju frá því sem hún var um 1990. Nokkuð var um að flórgoðar tækju aftur upp búsetu á fyrri varpstöðum sem höfðu verið yfirgefnir, jafnvel í áratugi. Einnig voru dæmi um að flórgoðar höfðu numið nýja varpstaði, þar á meðal manngerðar tjarnir. Þó er langt í land með að flórgoðastofninn nái sömu útbreiðslu í landinu og fyrir um 1950. Þá voru flórgoðar mun útbreiddari en nú, t.d. víða í Borgarfirði og á Melrakkaslétu, og stofninn eflaust mun stærri (sjá Ólaf K. Nielsen 1998). Haldi stofninn áfram að stækka er líklegt að útbreiðsla flórgoða aukist enn á landsvísu. Þannig er kunnugt að flórgoðar hafa endurheimt marga staði eftir 2005 þar sem þeir höfðu ekki sést lengi, s.s. við Blundsvatn í Borgarfirði (ÆP óbirt). Sums staðar hefur búsvæðum flórgoða verið spillt, t.d. með framræslu. Á slíkum stöðum er eðlilega einskis að vænta nema gripið verði til að endurheimta votlendi, eins og tekist hefur svo vel með Gauksmýrartjörn í Línakradal.

Fjölgunin í flórgoðastofninum frá því um 1990 hefur verið ótrúlega ör, þó stofninn hafi ekki náð sömu stærð og útbreiðslu og fyrir 1950. Sem mögulegar skýringar á hrúni stofnsins á sínum tíma voru nokkur atriði nefnd, s.s. eyðilegging búsvæða, tilkoma minks í íslenska náttúru, truflun af mannavöldum, dauðsföll í netum og óþekktar breytingar á vetrarstöðvum (Ólafur K. Nielsen 1998).

Niðurstöður könnunarinnar varpa nýrri sýn á þessa umræðu, þar sem flestir þeirra staðbundnu þátta sem nefndir voru til skýringa á fækkun flórgoða á sínum tíma hafa lítið breyst frá því 1990. Þeir eru því flestir ólíklegir til að hafa úrslitabýðingu um þróun stofnsins. Athyglin hlýtur nú að beinast í meira mæli að vetrarstöðvum íslenskra flórgoða en áhrif minks skulu þó ekki útilokuð. Undanfarin ár hefur mjög vel tekist til við að halda honum niðri á sterkustu vígjum flórgoðans hér á landi, í Mývatnssveit og Kelduhverfi.

Könnunin undirstrikar fyrst og fremst vægi votlendissvæða í Mývatnssveit og Kelduhverfi fyrir íslenska flórgoðastofninn. Þar eru bestu flórgoðasvæðin hér á landi og vernd þeirra því mikilvæg fyrir áframhaldandi tilvist tegundarinnar hér á landi. Votlendissvæði í Mývatnssveit njóta verndar skv. lögum nr. 97/2004 um vernd Mývatns og Laxár en í Kelduhverfi njóta votlendissvæði engrar lagalegrar verndar. Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 var stefnt að friðlýsingu þeirra en af því hefur þó ekki enn orðið, svo betur má ef duga skal.

#### ÞAKKIR

Björn Arnarson, Hrafn Svavarsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Sverrir Thorstensen, Tómas Grétar Gunnarsson og Þorlákur Sigurbjörnsson veittu upplýsingar um flórgoðavarp á sínum heimasvæðum og fá kærar þakkir fyrir. Fjölmargir aðrir lögðu einnig fram upplýsingar og ábendingar um flórgoðavarp og er þökkúð liðveislan.

#### HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 1979. Waterfowl populations of Lake Mývatn and recent changes in numbers and food habits. – *Oikos* 32: 250-270.
- Arnþór Garðarsson 1991. Fuglalíf við Mývatn og Laxá. – Bls. 278-319 í: Arnþór Garðarsson & Árni Einarsson (ritstj.). Náttúra Mývatns. Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík.
- Árni Einarsson 2000. Flórgoðavarp í Mývatnssveit. – *Bliki* 20: 1-10.
- Fjeldsá, J. 1973. Distribution and geographical variation of the Horned Grebe *Podiceps auritus* (Linnaeus, 1758). – *Ornis Scand.* 4: 55-86.
- Fjeldsá, J. 2004. Grebes. – OUP Bird Family Series. Oxford University Press, Oxford.
- Kaufman, K. 1996. Lives of North American Birds. – Houghton Mifflin Company, Boston.
- Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Þingsályktunartillaga. Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003-2004.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2. Fuglar. – Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Ólafur K. Nielsen 1998. Hrun flórgoðastofnsins á Íslandi. – Bls. 197-205 í: Jón S. Ólafsson (ritstj.). Íslensk votlendi. Verndun og nýting. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Porkell Lindberg Þórarinnsson 2001. Svæðanotkun flórgoða *Podiceps auritus*. – Meistaraprófsritgerð við Háskóla Íslands.
- Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. – Vaka-Helgafell hf. Reykjavík.

#### SUMMARY

##### Population size and distribution of the Horned Grebe in Iceland 2004-2005

The Horned Grebe *Podiceps auritus* population in Iceland has shown drastic changes during the last decades. A nationwide census in 1990 and 1992 gave an estimated population size of approximately 300 pairs. By that time, the population had declined from an estimated 1000-2000 pairs prior to about 1950 (Ólafur K. Nielsen 1998).

Evidence from the core breeding area in Iceland showed improvement in the population from the early 1990s (Árni Einarsson 2000). To confirm this trend and estimate the current population size in Iceland, a nationwide census was organized in 2004-2005. Most known breeding sites were visited and counts made of numbers of birds. Estimated population size was 1378 birds with the majority (78%) concentrated in Northeast Iceland (Table 1), corresponding to 689 pairs, or well over double increase from about 15 years earlier.

Horned Grebes were found breeding at 91 sites in 2004-2005 (see Appendix). The main breeding areas were, as before, in the Mývatnssveit district (Lakes Mývatn and Sandvatn) and Lake Víkingavatn in Kelduhverfi (Northeast Iceland). There, Horned Grebe numbers had increased by 165% and 144% respectively, or proportionally more than at other sites (Table 2). Other important breeding areas were found in North and East Iceland. Outside these areas, Horned Grebes were found only as scattered breeders.

As a result of the decline from before ca 1950 to 1990, notable changes were recorded in the breeding distribution in Iceland (Ólafur K. Nielsen 1998). Many breeding sites, even large areas, had been deserted. Some of these sites had been recolonised by 2004-2005 and some new breeding sites discovered. Since 2004 more previously deserted breeding sites have been recolonised. The breeding distribution of Horned Grebes in Iceland therefore has continued to expand.

To account for the population decline recorded from prior to ca. 1950 to about 1990, several explanations have been suggested (Ólafur K. Nielsen 1998). The current increase, confirmed by the census in 2004-2005, puts that discussion in a new perspective. Many of the local factors named as possible explanations for the decline have not changed so much since 1990. These may therefore not be the driving forces for the population development of Horned Grebes in Iceland during the 20th century. Predation by feral mink *Mustela vison* and the winter ecology of Icelandic Horned Grebes needs further study.

- Porkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík (lindi@nna.is).
- Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabær (aevar@ni.is).
- Árni Einarsson, Náttúruverndaráætlun við Mývatn, Skútustaðir, 660 Mývatn.
- Halldór W. Stefánsson, Náttúrustofa Austurlands, Tjarnarbraut 39a, 700 Egilsstaðir.
- Yann Kolbeinnsson, Náttúrustofa Suðurlands, Strandvegur 50, 900 Vestmannaeyjar.
- Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargata 3, 340 Stykkishólmur.
- Böðvar Þórisson, Náttúrustofa Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík.
- Þórdís V. Bragadóttir, Náttúrustofa Norðurlands vestra, Aðalgata 2, 550 Sauðárkrúkur.

#### Tilvitnun:

Porkell Lindberg Þórarinnsson, Ævar Petersen, Árni Einarsson, Halldór W. Stefánsson, Yann Kolbeinnsson, Róbert A. Stefánsson, Böðvar Þórisson & Þórdís V. Bragadóttir 2011. Dreifing og fjöldi flórgoða á Íslandi 2004-2005. – *Bliki* 31: 31-35.

**Viðauki.** Varpstaðir og fjöldi flórgoða á Íslandi árin 2004 og 2005. Lesendur sem kunna að búa yfir vitneskju um varpstaði sem ekki koma fram eru vinsamlegast beðnir að snúa sér til höfunda. – **Appendix.** A list of Horned Grebe breeding sites in Iceland and numbers of birds in the 2004-2005 census.

Staður	Vatn	Stofnmat 2004-2005	Staður	Vatn	Stofnmat 2004-2005
<b>S-Píngeyjarsýsla</b>			<b>S-Múlasýsla</b>		
Stórutjarnir í Ljósavatnsskarði	Leirtjörn	6	Gunnlaugsstaðir á Völlum	tjörn innan bæjar	1
–	Bæjartjörn	4	Djúpivogur	Bóndavörðuvatn	3
–	Kerlingartjörn	2	–	Fýlvogur	2
Ljósavatn í Ljósavatnsskarði	Ljósavatn	2	Innri-Kleif í Breiðdal	Kleifarvatn	4
Mývatnssveit	Mývatn	593	Höfn í Hornafirði	Óslandstjörn	1
–	Sandvatn	150	<b>A-Skaftafellssýsla</b>		
Hamrar í Reykjadal	Hamratjörn	1	Stapi/Miðsker í Nesjum	Krútjörn	1
Reykjadalur	Vestmannsvatn	16	Kálfafellsstaður í Suðursveit	Fífutjörn	1
Hólkot í Reykjadal	Hólkotstjörn	7	<b>Rangárvallasýsla</b>		
Sýrnes í Reykjadal	Sýrnesvatn	1	Skúfholt í Holtum	Skúfholtstjörn	2
Mýlaugsstaðir í Reykjadal	Mýlaugsstaðavatn	3	<b>Árnessýsla</b>		
Múli í Reykjadal	Múlavatn	5	Vestra-Geldingaholt í Gnúperjær.	nafnlaus tjörn N þjóðveggar V bæjar	2
Reykjadalur	Eyvindarlækur	1	Múli í Biskupstungum	Nyrðri/Eystri-Múlatjörn	6
Sandur/Sílalækur í Aðaldal	Miklavatn (Sandsvatn)	10	Bræðratunga í Biskupstungum	Vatnsstæði í Pollengi	3
Sandur í Aðaldal	Kíllinn	1	–	Galtarlækjartjörn í Pollengi	2
Sílalækur í Aðaldal	Sílalækjarvatn	5	Gröf/Lækjarhvamur í Laugardal	Selgilstjarnir (tvær)	2
<b>N-Píngeyjarsýsla</b>			Austurey í Grímsnesi	Apavatn	4
Víkingavatn í Kelduhverfi	Víkingavatn	229	<b>Gullbringusýsla</b>		
Keldunes í Kelduhverfi	Skjálftavatn	25	Hafnarfjarðarbær	Ástjörn	6
Hóll í Kelduhverfi	Hólskrókur	2	<b>Kjósarsýsla</b>		
Ás í Kelduhverfi	Ástjörn	9	Mosfellsbær	Leirtjörn [ofan Miðdals]	4
Brekka í Núpasveit	Brekkutjörn	2	Hurðarbak í Kjós	Hurðarbakssef	6
Kópasker	Kofatjörn	7	<b>Snæfellsnessýsla</b>		
Ásmundarstaðir á Melrakkasléttu	Eggersvatn	2	Kirkjuhóll í Staðarsveit	Kirkjuhólstjörn	2
<b>N-Múlasýsla</b>			Hofgarðar í Staðarsveit	Hofgarðatjörn	10
Kleppjárnstaðir í Hróarstungu	smátjörn	2	Ytrigarðar í Staðarsveit	Kúka (Höldavatn)	2
Kirkjubær í Hróarstungu	Selvatn austan Lagarfoss	1	<b>A-Baðastrandarsýsla</b>		
–	tjörn við Selvatn austan Lagarfoss	2	Reykhólar á Reykjanesi	Langavatn	4
Straumur í Hróarstungu	Brunavatnstjarnir	2	–	Mávavatn	1
Vínland í Fellabæ	malartjörn um ½ km V Vínlands	1	<b>V-Húnavatnssýsla</b>		
Kross í Fellingum	Bolavatn	2	Gauksmýri í Línakradal	Gauksmýrartjörn	9
–	Fremravatn	2	–	Miðfjarðarvatn	4
–	Krossstjörn	3	<b>A-Húnavatnssýsla</b>		
Hjaltastaður í Hjaltastaðapinghá	Matseljútjörn	2	Kagaðarhóll á Ásum	Hafratjörn	5
Ásgrímsstaðir í Hjaltastaðapinghá	Ásgrímsstaðavatn	11	Móberg/Strjúgsstaðir í Langadal	tjörn neðan bæja	4
Hrollaugsstaðir í Hjaltastaðapinghá	Tortjörn	9	<b>Skagafljórarsýsla</b>		
–	Hrollaugsstaðavatn	2	Sjávarborg í Borgarsveit	Áshildarholtsvatn	4
Laufás í Hjaltastaðapinghá	Arnarvatn	5	Holtskot á Langholti	Holtstjörn	3
–	Leirtjörn	2	Stapi í Tungusveit	Stapavatn	8
Bóndastaðir í Hjaltastaðapinghá	tjarnir (þrjár) V Bóndastaðaháls	6	Hofsstaðir í Blönduhlíð	tjörn við Hérðasv. neðan Hofsstaða	2
Tjarnaland í Hjaltastaðapinghá	Ígultjörn	2	Garður í Hegranesi	Garðsvatn	34
Hleinargarðar í Eiðapinghá	Tjörn [V við N-enda Breiðavatns]	6	–	tjarnir S Garðsvatns	7
<b>S-Múlasýsla</b>			Ás í Hegranesi	Ásvatn	6
Eiðar í Eiðapinghá	lítil tjörn við bæinn	2	Svanavatn/Vatnskot í Hegranesi	Svanavatn (Vatnskotsvatn)	15
–	Húsatjörn	4	Keldudalur í Hegranesi	Hendilkotsvatn	5
Snjóholt í Eiðapinghá	Snjóholtsvatn ytri	2	Höfði á Höfðaströnd	Lómatjörn	2
–	Snjóholtsvatn innri	6	Tjarnir í Sléttuhlíð	tjarnir (tvær) við bæ	6
–	veggtjörn	1	<b>Eyjafjarðarsýsla</b>		
–	tvær seftjarnir um 500m utan bæjar	2	Þóroddsstaðir í Ólafsfirði	Þóroddsstaðatjörn	4
Finnsstaðir í Eiðapinghá	tjörn N afleggjara að bæ	2	Tjörn í Svarfáðardal	Tjarnartjörn	2
Eyvindará í Eiðapinghá	Nykurtjörn	2	Hrísar í Svarfáðardal	Hrísatjörn	19
Egilsstaðabær	Löngutjarnir [í Egilsstaðaskógi]	3	Kristnes í Eyjafirði	Kristnestjörn	6
–	Seltjörn [í jaðri Egilsstaðaskógar]	2			